

Rjúpnaveiðibók handa huglausum

Það er ekki oft sem finnskar bækur reka á fjörur manns. Nýlega gaf Mál og menning þó út eina sem kom út í Finnlandi fyrir 25 árum. *Ár hérans* segir frá Kaarlo Vatanen, Finna á fertugsaldri sem hefur fengið nóg af ástlausu hjónabandi og vélrænni vinnu sinni. Í byrjun bókar stendur Vatanen einn úti í skógi með fótbotinn héra í fanginu. Þá er eins og því ljósti niður í höfuð hans að hann hefur lifað lífinu eins og huglaus héri. Hann kveður sitt gamla líf og flakkar fótgangandi um óbyggðir Finnlands. En í ljós kemur að maður getur ekki bara stungið af sisvona. Eiginkonan reynir að ná honum aftur til sín og lögreglan vill hafa hendur í hári hans en Vatanen berst til hinna blóðdropa fyrir frelsi sínu - og hérans.

Í sögunni ríkir gamansamur tónn, blandaður ádeilu á stofnanir samfélagsins, lögregluríki og skrifræði. Stíllinn er áreynslulaus og þægilegur, í takt við ofurmannlegan innri frið sem Vatanen virðist öðlast í nýfengnu frelsi sínu. Einvera, einfaldur matur og líkamleg þreyta veita honum lífsfyllingu. Hvorki ævintýralegar svaðilfarir né stórfurðulegar persónur sem á vegi hans verða raska ró hans. Ætlar hann e.t.v. að sigla í gegnum nýja lífið eins dofinn og hann var í því gamla? Varla, því þessu lífi fylgir gleði og nægjusemi. Í seinni hluta bókarinnar verða ævintýri Vatanens býsna yfirgengileg og sagan leysist upp, líkt og Vatanen sjálfur þegar hann hverfur með dularfullum hætti í sögulok.

Fyrir nokkru kom út bók sem heitir *Náin kynni* eftir ensk-pakistanska rithöfundinn Hanif Kureishi. Bókin vakti mikinn úlfabýt í Bretlandi fyrir snarpa ádeilu á hjónabandið og innihaldslaust líf nútímamanna. Söguhetjan þar er líka karlmaður á besta aldri sem stekkur burt frá eiginkonu og samfélagsskyldum í leit að betra lífi. *Ár hérans* er yfirlætislaus bók um karlmann í kreppu en *Náin kynni* er ágeng og óþægileg. Þessar ólíku bækur sem fjalla um sama efni vöktu mig til umhugsunar um stöðu karlmannsins í aldarlok. Hvar er þeirra starf í sexhundrað sumur? Hafa þeir glatað stöðu sinni í lífinu, orðið mjúkir til þess eins missa tökin? Eru konur alveg að drepa þá með hreiðuráráttu sinni, fjölskyldugildum og öryggisfíkn? Það er ekki gott að segja en þeir eru ólíkt skemmtilegri karlarnir sem taka af skarið en hérarnir huglausu. Karlmennt Íslands: *Ár hérans* er kjörin bók til að stinga í bakpokann áður en haldið á rjúpnaveiðar - einkum ef menn ætla ekki að snúa aftur.

Ár hérans
Arto Paasilinna
Mál og menning 1999
Guðrún Sigurðardóttir þýddi.

Bókmenntir
Steinunn Inga Óttarsdóttir

414 orð!
Birt í DV, 3.11.99